



2014-2016

Skóli á grænni grein



Verkefnisstjóri: Bolette Høeg Koch



Umhverfissáttmáli Þjórsárskóla

Yfirmarkmiðin eru að:

- Styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð
- Nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- Skóli og heimili taka höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- Örva og efla vitund nemenda um gildi þess að umgangast landið af virðingu
- Nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- Umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Markmið 2014-2016

Að nemendur:

- vinni verkefni um skipulag nærumhverfisins
- vinni verkefni um orkugjafa í nærumhverfinu
- vinni verkefni um landslag
- vinni verkefni um Skeiða- og Gnúpverjahrepp áður fyrr og átti sig á helstu breytingum síðustu áratuga
- kynnist fólki úr nærsamfélaginu og fræðist

Áætlun fyrir 2014-2016

- Nemendur fái fræðslu um skipulag í nærumhverfinu, teikni upp íbúðahverfi og geri tilögur með teikningum
- Nemendur skoði Búrfellsvirkjun og orkusýninguna, jafnframt því að fá fræðslu frá Landsvirkjun um vatnsafl og vindorku
- Nemendur fræðist um landslag og nýtingu þess til matvælaframleiðslu, útivistar, bygginga og virkjana
- Eldri borgarar úr sveitinni komi og fræði nemendur um samfélagið sem þeir ólust upp í
- Fá fólk úr nærsamfélaginu til að segja nemendum frá áhugamálum, starfi eða uppruna sé um nýbúa að ræða

Markmið Þjósárskóla 2012-2014

Að nemendur

- Vinni verkefni um umbúðir og möguleika á að draga úr þeim
- Tína rusl í nærumhverfinu
- Vinni stór verkefni úr efni úr Þjóðskóginum
- Fræðist um ræktun á grænmeti
- Rannsaki vöxt trjáa og fleiri planta
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánum

Áætlun fyrir 2012-2014

- Nemendur vekja athygli og áhuga á umbúðanotkun
- Nemendur stuðli að því að nota sem minnst einnota ílát
- Nemendur safni rusli í einn mánuð í senn, tvisvar á ári, hafa keppni
- Planta fleiri trjám til að mynda skjól við skólann
- Nota efni úr Þjóðskógi til að vinna stærri smíðaverkefni úti
- Nemendur rækti meira grænmeti á skólalóðinni
- Nemendur fylgist með, mæli og geri rannsókn á vexti trjáa á skólalóðinni
- Nemendur fræði foreldra og nærsamfélagið um vinnu tengda grænfánum innan skólans

Markmið 2010-2012

Að nemendur

- Vinni verkefni úr efni sem fellur til í skólanum sem annars væri hent
- Hreyfi sig í nærumhverfinu
- Vinni verkefni úr rusli
- Fræðist um hollt lífni í sátt við náttúruna
- Fræðist um sjálfbærni og leiðir sem eru færar fyrir nemendur
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánum

Áætlun fyrir 2010-2012

- Nemendur nota í myndmennt, smíði og textílmennt efni sem lokið hefur hlutverki sínu
- Nemendur safni rusli og nýti í verkin sín
- Farið verður oft út og unnin verkefni úti sem krefjast hreyfingar og skoðunar á nærsamfélaginu
- Farið í Þjóðskógin í útikennslu
- Nemendur fá fræðslu um þarfir líkamans á hvíld, hreyfingu og næringu
- Nemendur fá fræðslu og ræði um hvernig þeir geti tekist á við sjálbærni, gangi vel um matinn, taki tillit til samnemenda og annarra. Passi upp á skólalóðina og geri hana betri. Hafi skoðun á nærumhverfinu og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum
- Nemendur haldi heilsudag þar sem kynnt eru verkefni í til dæmis líkama mannsins og hringrásum

Markmið 2008 – 2010

Að nemendur

- Vinni í skólalóðinni
- Fræðist um fleiri flokkunar möguleika en við höfum
- Fræði samfélagið í kringum okkur
- Leggi til að skólinn skipuleggi innkaup sín með gæði og endingu í huga.

Áætlun fyrir 2008 -2010

- Nemendur taka þátt í að skipuleggja skólalóðina
- Nefndin skipuleggur fleiri rusladaga
- Settar verða upp ábendingar um umgengni úti við
- Eldri nemendur fara í Sorpu og fá fræðslu þar
- Tekinn verður saman smá bæklingur um umhverfisstefnu skólans fyrir foreldra og hreppsþúa. Lýsing af hvar í sveitinni hægt er að losa sig við sorp og hvernig flokkunar möguleikarnir eru. Fá hreppsnefndina með okkur og prenta bæklinginn og dreifa.
- Farið verður yfir með skólastjóra hvernig innkaupum er háttað.
- Keypt verður lífrænt ræktað grænmeti, þegar hægt er.
- Keypt verði íslensk framleiðsla þegar hægt er.

Markmið fyrir 2006-2008

Að nemendur

- kynnist nánasta umhverfi sínu.
- kynnist sögu og menningu á svæðinu.

- læri um gróðurfar.
- fræðist um orkuframleiðslu í sveitafélaginu.
- kynnist breytingum á atvinnu og búsetu.

Áætlun fyrir 2006-2008

- Að skólinn bjóði til sín eldri borgara sem búsettir er í sveitarfélaginu.
- Að fara í gönguferðir í nágrenninu.
- Að nemendur fái fræðslu um Búrfellsvirkjun.
- Að nemendur kynnist landnámi, eldgosum og fleiru sem áhrif hefur haft á byggðina.

Markmið fyrir 2004-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni.
 - slökkva ljósið á klósettunum.
 - slökkva á tölvunum eftir daginn.
 - fræða nemendur um orku.
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.
- Að auka samstarf við foreldra.

Áætlun fyrir 2004-2006

- Að setja niður kartöflur og taka upp aftur
- Nýta kartöflurnar í skólanum.
- Að senda upplýsingar heim til foreldra.
- Senda nemendur heim með spurningalista um flokkun sorps á heimilinu.
- Að kenna nemendum um mismunandi orkuframleiðslu.
- Fara með nemendur í heimsókn í virkjanir.

Markmið fyrir 2002-2004

- Að bæta umhverfi skólans.
- Að bæta umhverfisvitund nemenda og virðingu fyrir umhverfinu.
- Að minnka sorpið sem frá okkur fer.
- Að nemendur læri að flokka sorp og spara orku.

Áætlun fyrir 2002-2004

- Að nemendur og starfsfólk:
 - flokki lífrænt rusl.
 - flokki pappír.
 - flokki fernur.
 - slökkvi ljósið þegar farið er út úr stofunni.

- Bæta fræðslu til nemenda og foreldra.
- Hafa umhverfisstefnuna sýnilegri.
- Skipuleggja hreinsunardag í hverfinu.
- Minnka sápu- og handþurrkunotkun.
- Að bílstjórar:
- drepi á bílunum fyrir utan skólann.
- Að skólinn:
- kaupi og noti hreingerningarefni sem eru vottuð með umhverfissvottun.



Nemendur kynnast nærumhverfi í hjólaferðum

Framkvæmdaáætlun

Umhverfisnefnd skólans er kosin lýðræðislega í 5.-7. bekk. Hún starfar með verkefnisstjóra Bolette Høeg Koch og ræstitækni okkar Hrafnhildi Ágústsdóttur og heldur fundi á skólatíma.

Umhverfissáttmálinn hangir uppi í skólanum, þar sem allir nemendur, starfsmenn og gestir sjá.

Í skólanum flokkum við rusl í neðangreinda flokka. Flokkunin er þriggja tunnu kerfi sem tekur mið af þeim flokkum sem Íslenska Gámafélagið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur bjóða okkur upp á, á gámasvæðinu við Árnes.

Í moltugerðartunnuna fer:

- brauð
- ávextir
- grænmeti
- eggjaskurn

- kaffikorgur
- pappír
- hafragrautur, kornflex

Moltan úr moltutunnunni er notuð til að setja í beð sem við setjum kartöflurnar niður í, á vorin. Einnig er notuð molta til að skipta um jarðveg í pottaplöntunum sem til eru í skólanum og eins hjá þeim kryddjurtum sem við ræktum.

Pappír flokkast á eftirfarandi máta:

- Pappír úr tætar á skrifstofunni fer í moltutunnuna.
- Pappír sem notaður hefur verið öðru megin fer í kassa og er síðan notaðu aftur.
- Fullnýttur pappír fer svo í grænutunnuna.

Fernur eru lítið notaðar í skólanum, nemendur fá mjólk úr 10 lítra kössum í morgunmatnum. Plaströr úr kössunum eru notaði í föndur og starfagerð hjá 1. bekkingum.

Kaffi pokar eru notaðir sem efni í vélsaumaverkefni.

Pappakassar sem koma með vörur eru endurnýttir, notaði í leikmyndir, muni og búningar. Einnig sem kassar áfram.

Rafhlöður eru settar í gám frá Íslenska Gámafélaginu.

Reynt er að halda handþurrku- og handsápunotkun í lágmarki. Á salernunum hanga skilti sem minna á að spara notkun. Á starfmannaklósettunum er búið að hengja upp handklæði aftur, en heilbrigðiseftirlitið leyfir það ekki hjá nemendunum.

Skilti hanga á skólanum til þess að minna á að hafa bíla ekki í gangi á skólaplaninu.

Með markvissri fræðslu um orkunotkun og orkuframleiðslu hefur verið reynt að halda orkunotkun í lágmarki. Miðar eru við rofana í kennslustofunum til þess að minna á að slökkva ljósín.

Hreinsun í kringum skólann hefur verið skipulögð þannig að skólalóðinni hefur verið skipt niður í nokkur svæði og hver bekkur tekur eitt svæði.

Árlega förum við, nemendur og starfsfólk skólans í fræðslu- og landgræðsluferð í samvinnu við Landgræðsluna sem hefur aukist með tilkomu nýs verkefnis: Vistheimt.

Fróðleikur til foreldra, nemenda og annarra sem áhuga hafa er sett á heimasíðu skólans til þess að stuðla að betri fræðslu.

Nemendur gerðu stuttmynd um rusl sem erfitt er að flokka, myndin var sýnd á umhverfisdegi hjá hreppnum 9. apríl 2016

Bætt var við söfnun á glerkrukkum eftir áramót 2016, það var mikið gleðiefni.

Kennslumarkmið Þjórsárskóla

Allar nemendur vinna að markmiði skólans en á mismunandi vegu

Umhverfismennt í öllum árgöngum

Markmið:

Að nemendur

- fræðist um sjálfbærni og skynji “ein jörð fyrir alla”
- hafi jákvæð viðhorf til alls lífs og umhverfis
- öðlist þekkingu á umhverfi sínu og hringrásum í náttúrunni
- vinni að verkefnum sem stuðla að bættu umhverfi
- flokki pappír, fernur, endurnýtanlegt rusl og lífrænt rusl
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnslulát
- tíni rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmennnt
- endurnýti náttúruleg efni í hönnun og smíði
- endurnýti/geri við hluti að heiman í hönnun og smíði
- fræði foreldra og samfélagið um umhverfismennt
- fræðist um orku
- fræðist um sjálfbærni og nýti sér þekkingu sína í vinnu í skólanum

Aðferðir:

Reynt er að flétta umhverfismennt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði/samfélagsfræði/hönnun og smíði/textílmennnt/útikennslu. Nemendur vinna námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Þjórsárskóla. Einnig verða ýmsar handbækur um umhverfismennt notaðar. Umhverfi skólans og þjóðskógurinn í Þjórsárdal verða einnig notuð



Nemendur setja niður birkitré á skólalóðinni

Grænfánastarfið í Þjórsárskóla veturna 2014-2016

Gnúpverjaskóli (eins og skólinn hét fyrir sameiningu) var einn af stofnfélögum Grænfánans. Við fengum fyrsta fánann afhentan 2004, síðan 2006, 2008, 2010, 2012 og svo 2014 nú sækjum við aftur um að endurnýja fánann.

Starfið í skólanum er í góðri samvinnu skólastjóra, kennara, skólaliða og nemenda. Ég tel að aðalkostur okkar sé hversu góð samvinnan er innan skólans.

Nefndin byrjaði starfið sitt haustið 2014 á því að setja sér markmið.

Markmið 2014-2016

Að nemendur:

- vinni verkefni um skipulag nærumhverfisins
- vinni verkefni um orkugjafa í nærumhverfinu
- vinni verkefni um landslag
- vinni verkefni um Skeiða- og Gnúpverjahrepp áður fyrr og átti sig á helstu breytingum síðustu áratuga
- kynnist fólki úr nærsamfélaginu og fræðist

Áætlun fyrir 2014-2016

- Nemendur fái fræðslu um skipulag í nærumhverfinu, teikni upp íbúðahverfi og geri tilögur með teikningum.
- Nemendur skoði Búrfellsvirkjun og orkusýninguna, jafnframt því að fá fræðslu frá Landsvirkjun um vatnsafl og vindorku.
- Nemendur fræðist um landslag og nýtingu þess til matvælaframleiðslu, útivistar, bygginga og virkjana.
- Eldri borgarar úr sveitinni komi og fræði nemendur um samfélagið sem þeir ólust upp í.
- Fá fólki úr nærsamfélaginu til að segja nemendum frá áhugamálum, starfi eða uppruna sé um nýbúa að ræða.

Um leið og ný markmið voru sett var rætt um gömlu markmiðin og talið best að kynna þau fyrir nýju nefndarmönnum og rifja þau þannig upp vegna þess hversu langt var síðan að þau höfðu verið rædd síðast.

Næsta skref var að meta skólann og nefndin fór í sameiningu yfir umhverfisgátlista. Það eru engar stórar breytingar sem koma fram á honum en þó einhverjar. Gátlistinn er í möppu sem geymir Grænfána verkefni og allar fundargerðir eru á netinu. Það var rætt um að gera vinnu okkar sýnilegri fyrir nærsamfélagið. Við settum markmið um það og skrifað var líka á gátlistann.

Þegar yfirferðinni yfir listann var lokið, byrjuðum við að vinna hugmyndavinnu um hvernig við gætum uppfyllt markmiðin sem best og upplýst alla í skólanum um það að hverju væri stefnt



Nemendur vinna mörg verkefni tengd nærumhverfinu. Hér er gamla Kálfárbrúin haust og vetur

Bæði veturinn 2014-2015 og enning 2015-2016 hafa nemendur unnið verkefni með skipulagið á skólalóðinni og íbúabyggð í kring. Nemendur völdu sér svæði í kring um skólann og skipulögðu eins og þeir vildu hafa hana ásamt að velja Árneshverfið eða Brautarholtishverfið til að skipuleggja. Verkefnið var teiknað í blöðung og texti skrifaður með. Margar hugmyndir komu fram og erum við að reyna að uppfylla óskir á skólalóðinni eftir bestu getu. Við erum hins vegar að fara af stað með verkefni þar sem hugmyndir nemenda um skipulagið í þéttbýliskjörnunum okkar verða kynntar sveitarstjórn.



Tvö sýnishorn af verkum nemenda um skipulag skólalóðar vor 2015.

Við mættum ósk nemenda um fleiri tré og plantað var bæði vorið 2015 og nú 2016 birkiplöntum sem við fengum hjá Yrkjusjóði, tveir bakkar í hvort skipti. 2015 settum við trén beint niður í móann og fannst okkur nú í vor að þau hefðu stækkað lítið þrátt fyrir hrossaskítinn sem við settum á þau. Við plöntuðum þeim þess vegna í beð sem við bjuggum til á skólalóðinni í vor. Þá getum við plantað þeim út á skólalóðinni þegar okkur finnst þau nógu stór. Hver nemandi á sitt tré í móanum sem er merkt og þeir fylgjast með hvernig þau dafna. Nemendur taka þátt í að halda skólalóðinni við og notum við vordag í að hreinsa til og laga það sem er bilað.



Sýnishorn af teikningum og skipulagi Árnes- og Brautarholtshverfanna vor 2015

Við skipulögðum mikla hreyfingu í nærumhverfinu. Farið var í hina árlegu hjólaferð, nemenda og starfsfólks, þar sem nemendur hjóla mislangt eftir aldri. Allir koma með hjól og hjálma í skólann. Einnig fóru nemendur og starfsmenn saman í gönguferð. Nemendur nota umhverfið mikið í útinámi. Meðal þess sem gert var að 5.-7. bekk bjó til umhverfisstíð meðfram Kálfá.



Nemendur við fyrsta skiltið maí 2016

Nemendur skoða Búrfellsvirkjun og orkusýninguna, jafnframt því að fá fræðslu frá Landsvirkjun um vatnsafl og vindorku.



Nemendur í 5.-7. bekk skoðuðu Búrfellsvirkjun

Eftir kennslu og umræður um orkunotkun og orkuframleiðslu heimsóttum við Búrfellstöðina. Við fengum góða leiðsögn um stöðina og síðan skoðuðum við orkusýninguna. Það var mjög fróðlegt og skemmtilegt. Orkuframleiðsla er svo mikil í okkar sveitarfélagi og ekki allir sammála um nýjar framkvæmdir. Þetta er gott efni til að ræða við nemendur um álitafni og kenna þeim að nota rök fyrir máli sínu og bera virðingu fyrir öðrum.

Vorið 2015 fékk allur skólinn fræðslu um vindorku frá Háskólasteinu. Við fengum þrjá háskólastúdenta í heimsókn og þeir voru hjá okkur allan daginn. Það var vel gert og nemendur höfðu gaman af.



Nemendur og starfsmenn taka þátt í Jól í skókassa

Nemendur unnu verkefni um auðlindir, fyrst þurfti að ræða hugtakið og mikið var rætt orðanotkun. Orðið auðlind er notuð í margs konar samhengi og nemendum fannst skritið að tala um fólk sem auðlind.

Við vinnum að vistheimtar verkefni með Landvernd og Landgræðslu Ríkisins. Þá er farið upp á Skaftholtið og unnið þar í landgræðslu og svo er unnið í skógarferðum í Þjórsárdal og þar göngum við mikið um skóginn.



Nemendur á umhverfisþingi Umhverfiráðuneytisins

Á tímabilinu fengjum við heimsókn frá Hellu og Hvolsvelli. Umhverfis nefndin frá þeim kom og fékk fræðslu um okkar vinnu og þeir sögðu okkur frá sínum. Við ætlum að endurgjalda heimsóknina á þessu skólaári.

Það var gaman og hvetjandi að heyra hvað aðrir eru að gera og hugsa um sama málefni og við erum að vinna með.



Nemendur að sigla með báta sem þeir bjuggu til í skógarvinnunni



Eftir skógarvinnu gefst tími til að hvíla sig

Við höfum ræktað kartöflur í moltu okkar í mörg ár. Við höldum því áfram. Við fáum góða uppskeru sem nýtt er í heimilisfræði og það sem ekki nýtist þar verður borðað í mótuneyti skólans. Það eru nemendur í 6. bekk sem undirbúa reitinn og setja niður að vori og taka sömu nemendur upp kartöflur að hausti.



Moltugerð, verður sett í beðið í vor.

Nemendur í skólanum frá 1.-7. bekk fékk fræðslu í tvær kennslustundir, sem þýskur íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sá um. Hún kom með landakort og fræddi nemendur um legu landsins, uppruna og um menningarleg tengsl á milli Þýskalands og Íslands. Hún sagði frá sjálfri sér og kenndi þeim smá þýsku. Þetta var mjög fróðlegt og nemendur stórir sem smáir höfðu gaman af.



Við eigum eftir að taka upp kartöflur

Við vorum búin að ræða á fundum okkar hverja okkur langaði að tala við, tillögurnar voru skráðar niður en áður en að það kom til framkvæmda voru aðrir hlutir sem trufluðu okkur. Nemendur komu með þá tillögu að búa til skilti og fræða yngri nemendur um matarsóun.

Skiltin átti að hengja upp í mötuneytið og minna okkur á að taka mátulega á diskinn. Þetta var spennandi verkefni og gott að grípa það sem nemendur koma með hverju sinni. Einnig fór mikill tími í myndbandið sem við gerðum fyrir umhverfisdag hreppsins.

Sjá myndbandið : <https://www.youtube.com/watch?v=ShOstOJ-CJ4>

Við erum ekki hætt við eldri borga heimsóknina heldur frestuðum við henni fram á haust.



Nemendur og kennarar að skoða sólmyrkvann

Við vinnum alltaf að öllum markmiðum sem við höfum sett okkur í þessu verkefni og bendi ég í því samhengi á að skoða skýrslu frá fyrri árum. Hér er stiklað á stóru, tæmandi listi yfir verkefni tengd Grænfánaverkefni væri mjög langur.

Við nýtum okkur ýmsa miðla til að vinna að grænfánamarkmiðunum, til dæmis bækur eins og *Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð* og Verum græn! Ferðalag í átt að sjálfbærni.

Á netinu notum við <http://www.heimurinn.is/>, <http://www.flokkarinn.is>, ásamt vefrallý sem Bolette vann sérstaklega fyrir Þjórsárskóla <http://www.ismennt.is/not/bhk/umhverfis.htm>

Það er mat nefndarinnar að þau markmið sem sett voru fyrir 2014-2016 hafi náðst. Einnig hefur verið farið yfir skrefin sjö. Á þeim forsendum sækir Þjórsárskóli um að fá að endurnýja Grænfánann.

Sýnishorn af fundargerðum umhverfisnefndarinnar

Skólaárin 2014-2016 voru haldnir 16 fundir þar sem fundargerð var skrifuð. Við skráðum ekki fundargerð fyrir alla fundi þetta árið. Óvenjulega margir vinnufundir voru og við skráum ekki fundagerðir á þeim. Fundagerðirnar, gátlistinn og fleira sem tengist Grænfánanum er geymt í skólanum og hluti birtist á heimasíðu skólans.

http://thjorsarskoli.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=62&Itemid=82

Fundargerð nr.1

22. október 2014 kl 12:35

Mættir: Freyja Margrét, Elín Ásta, Haukur og Bolette

1. Gerður Magnúsdóttir kemur 31. október og tekur út grænnfána vinnuna okkar. Hún vill hitta umhverfisnefndina og síðan 5.-7. bekk.
2. Þriðjudaginn 28. október kemur umhverfisnefndin úr Hvolsskóla. Við ætlun að fræða þau um okkar starf. Bolette tekur saman myndir og við búum til texta.
3. Stefnt að því að halda fund einu sinni í mánuði í vetur.

Fundi slitið 12:50.

Fundargerð nr 2.

22. nóvember 2014 kl 11:45

Mættir: Freyja Margrét, Elín Ásta, Haukur, Iðunn og Bolette

1. Farið yfir dagskrána fyrir hátíðina sem við ætlun að halda vegna afhendingar fánans
2. Við skrifum ræðu og skiptum textanum niður á umhverfisnefndarmenn.
3. Ákveðið er að hafa vöflur og appelsínusafa

Fundi slitið 12:00

Fundargerð nr 3.

9. febrúar 2015 kl 10:30

Mættir: Freyja Margrét, Iðunn, Elín Ásta, Haukur og Bolette

1. Umræða um markmiðin og hvað við ætlun að leggja áherslu á , hvernig við vinnum með þema ársins og fleira.
2. Byrjað að fara yfir umhverfisgátlistanum. Mikið rætt um blekhilki og glerílát.
3. Næsti fundur verður strax eftir páska. Ekki tími þegar árshátíðar vinna er í gangi.

Fundi slitið 10:45.

Fundargerð nr 4.

9. apríl 2015 kl 13:30

Mættir: Freyja Margrét, Iðunn, Elín Ásta, Haukur og Bolette

1. Grunnskólinn á Hellu kemur í heimsókn 27. apríl
2. Umræða um hvaða fullorðna manneskju við gætum fengið til að fræða okkur um umhverfi, nærsamfélag, orku og almenna fræðslu um fortíðina.
3. Við ætlum að semja texta um myndirnar sem við ætlum að sýna umhverfisnefnd Grunnskólans á Hellu.
4. Á næsta fundi ætlum við að hafa markmiðin tilbúin til upplestrar.

Fundargerð nr 5.

16. apríl 2015 kl 11:30

Mættir: Freyja Margrét, Iðunn, Haukur, Elín Ásta og Bolette

1. Undurbúa heimsókn umhverfisnefndar Grunnskólans á Hellu. Iðunn segir frá myndum, Freyja um yfirmarkmiðin, Haukur markmiðin fyrir tvö næstu árin og Elín segir frá áætluninni.
2. Dagskrá:
 - a. Umhverfisnefnd Þjórsárskóla segir frá
 - b. Hellunefndin segir frá
 - c. Morgunmatur
3. Umræða um að við heimsækjum Grunnskólann á Hellu og Hvolsskóla
4. Umræða um hvernig við getum hjálpað íbúum hreppsins að flokka ruslið.

Fundi slitið kl 11:45

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla

Fundargerð nr. 1

22. okt. 2015 kl 12:35

Mættir: Þrándur Ingvarsson, Valdimar Örn Ingvarsson, Iðunn Ósk Jónsdóttir og Bolette sem skrifaði fundargerð.

1. Fórum yfir hlutverk okkar og skoðuðum markmiðið fyrir veturinn. Rætt var um að fá eldri íbúa hreppsins til að koma og segja frá sveitinni áður fyrr. Allir að hugsa til næsta fundur.
2. Vindorkukynning í skólanum 22. okt. 2015 frá Háskólalestinni og er það hluti af okkar verkefni.
3. Valdimar vakti athygli á að blöð vantaði í blaðakassan inni hjá 5.-7. bekk.
4. Umræða um matarleifar og betra væri að allir hreinsuðu diskinn sinn vel áður en að diskunum yrði staflað.
5. Nefndin leggur til að heimagerði skjólveggurinn við eldstaðið verði lagaður og yngri nemendum bent á að láta hann vera og ekki taka greinar úr honum.
6. Rætt var um að fara í heimsókn á Hvolsvöll og Hellu til að læra af nemendum þar.
7. Fundartími í vetur verður á fimmtudögum kl 12:35.

Fundi slitið 12:50

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla
Fundargerð nr. 2

29.okt. 2015 kl12:35

1. Mættir: Allir nemendur í 5.-7. bekk ásamt Bolette sem skrifaði fundargerð
1. Umræða um hvaða fullorðna íbúa hreppsins væri hægt að fá í skólann til þess að segja frá umhverfinu áður fyrr. Eftirfarandi tillögur komu.
 - a. Guðný í Laxárdal
 - b. Bjarni í Fjalli
 - c. Halla í Ásum
 - d. Þrándur í Þrándarholti
2. Við þurfum að gefa okkur tíma til þess að undirbúa spurningar og umræðuefni.
3. Tillögur um hvernig við getum kennt yngri nemendum að hreinsa af diskunum sínum í mötuneytinu.
 - a. Búa til blað með reglum og hengja upp í Árnesi
 - b. Ræða vandamálið við kennarana
 - c. Hafa gæslu við hjólavagninn – eldri nemendur
 - d. Ræða við yngri nemendur
 - e. Eldri nemendur sitja hjá yngri og aðstoða þá
4. Farið var yfir pappírsflokkun og rifjað upp hvernig best er að leggja blöð í kassana.

Fundi slitið 13:05

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla
Fundargerð nr. 3

5.nóvember 2015

Mættir: Þrándur, Valdimar, Kristín og Bolette sem skrifaði fundargerð

1. Ákveðði að setja upp skilti í mötuneytið. Stína búin að veita leyfi. Á skiltinu á að standa:
 - a. Skafa vel af diskum
 - b. Hella vatni úr glösum
 - c. Setja hnifapör á réttan stað
 - d. Hámark þrjú glös í stafla
 - e. Pappír í sérílát og matarleifar í sér.
2. Hópurinn ætlar að biðja Kjartan um að lesa textann yfir.
3. Næsta fimmtudag skrifum við svo í tölvu og plöstum skiltið.
4. Biðna með að hafa samband við eldri borgari þangað til þetta verkefni er búið.
5. Bolette falið að ræða við kennara á Hellu og Hvolsvelli um að heimsækja skólana þar.

Fundi slitið kl 12:50

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla
Fundargerð nr. 4

19.11. 2015 kl 12:50

Mættir: Allir nemendur í 5.-7. bekk ásamt Bolette sem skrifaði fundargerð

1. Rætt um matarsóun og að taka ekki meira á diskinn en við getum borðað og hvenig við eigum að umgangast mat
2. Talað um að Kjartan og Bente fái matarleifar úr mötuneytinu.
3. Farið yfir textann sem við skrifuðum síðast
4. Stækkuðum lettrið og bjuggum til skilti fyrir mötuneytið
5. Ákveðið að umhverfisnefndin fari inn í bekkina og kynni skiltin fyrir nemendum.

Fundi slitið kl 13:40

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla
Fundargerð nr. 5

28. janúar 2016 kl 8:25

Mættir: Rebekka, Valdimar, Kristín og Bolette

1. Stína var að biðja okkur um að bæta við skilti í mötuneytið
 - a. Við viljum ekki matarsóun
 - b. Munið að skammta passlega á diskana
2. Við ætlum að skrifa þetta og plasta og fara með til hennar.
3. Rædd um kvikmyndargerð fyrir umhverfisdagurinn og um efni sem við gæti tekið fyrir, t.d.
 - a. Gler
 - b. Kartöflur
4. Rædd um að hafa næsta fund á fimmtudagin kemur, eftir hádegi.

Fundi slitið 8:55

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla
Fundargerð nr. 6

11. febrúar 2016 kl 9:40

Mættir : allir nemendur í 5.-7. bekk og Bolette

1. Ekki var fundur í síðustu vika vegna óveðurs og heimkeyrslunni flýtt.
2. Umræða um kvikmyndargerðina, ákveðið að taka fyrir efni sem er erfitt að flokka. Nemendur ætla að koma með hluti að heiman sem fjölskyldur eiga erfitt með að flokka.
3. Ákveðið að Bolette setji nemendur í hópa og hóparnir velji sér svo viðfangsefni.
4. Áætlaður annar skipulagsfundur eftir viku.

Fundi slitið 10:20

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla
Fundargerð nr. 7

15. febrúar 2016 kl 10:35

Mættir: allir nemendur í 5.-7. bekk og Bolette

1. Bolette tilkynndi hópaskiptinguna og nemendur röðuðu sér á viðfangsefni.
 - a. Valdimar, Auðunn, Haukur, Jón Ágúst með moltutunnu og kartöflur
 - b. Lára, Margrét, Guðný, Rebekka, Elín með snakk, kaffipoka og ljósaperur
 - c. Bryndís, Alda S., Anna L, Þrándur með battari, tússpenna, lyf
 - d. Iðunn, Kristín, Þorbjörg, Sigrún með gler, áldósir, korktappar

2. Nemendur byrjuðu að vinna texta til að fara með.
3. Nýr fundur í næstu viku.

Fundi slitið 11:15

Umhverfisnefnd Þjósárskóla
Fundargerð nr. 8
22. febrúar 2016 kl 10:35

Mættir: allir nemendur í 5.-7. bekk og Bolette

1. Unnið var í hópnum í textagerð, Kjartan var með okkur og leiðbeindi nemendum með íslenskuna.
2. Margar hugmyndir voru ræddar og við erum komið vel af stað.

Fundi slitið 11:15

Umhverfisnefnd Þjósárskóla
Fundargerð nr. 9
1. mars 2016 kl. 9:00

Mættir: Kristín, Valdimar, Prándur og Bolette

1. Umræða um verkefnið í mötuneytið um matarsóun,
2. Kjartan las yfir nýju miðana og gengið var frá þeim og þeir plastaðir.

Fundi slitið 9:15

Umhverfisnefnd Þjósárskóla
Fundargerð nr. 10
8. mars 2016 kl. 9:00

Mættir: Prándur, Valdimar, Kristín og Bolette

1. Skipulag myndbandsupptökunnar
2. Hópunum raðað niður.
3. Fundi slitið 9:15

Umhverfisnefnd Þjósárskóla
Fundargerð nr. 11
29. mars 2016 kl. 9:00

Mættir: allir nemendur í 5.-7. bekk og Bolette

1. Tókum upp myndband, um flokkun erfiðra hluta.
2. Fengu leiðbeiningar hjá sorpfyrirtæki
3. Ætlum að klára í næstu viku.

Fundi slitið kl 10:00

